Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

**Til: Nefnasviðs Alþingis, Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis**

**Varðandi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætta hljóðvist**

## Umsögn Heyrnar-og talmeinastöðvar Íslands

Heyrnar-og talmeinastöð Íslands (HTÍ) fagnar ofangreindri þingsályktunartillögu um bætta hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði.

Margt hefur verið unnið á síðustu árum varðandi hljóðvist í skólum og má þar nefna nýlega útgefna rafræna handbók um öryggi og velferð barna í grunnskólum sem birt hefur verið birt á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis (Höfundur: Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir raddmeinafræðingur, útgefendur: Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Vinnueftirlitið og Mannvirkjastofnun).

Leiðbeiningar og verkfæri eru því að nokkru til staðar en margt er þó óunnið í þessum málum. Sérfræðingar HTÍ lýsa sig reiðubúna til að taka þátt í starfi fyrirhugaðs starfshóps, verði þingsályktun þessi samþykkt.

Virðingarfyllst

f.h. Heyrnar-og talmeinastöðvar Íslands

Kristján Sverrisson<br>
forstjóri